

Öryggisleiðbeiningar (MSDS)

Skv. reglum VER nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.Söluheiti vöru: **DÍSELOLÍA & GASOLÍA**

Notkun: Eldsneyti.

Dreifingaraðili: SKELJUNGUR hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík, sími 444 3000

Öryggisleiðbeiningar: EFNAVERND ehf., Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Landspítala, Fossvogi, Reykjavík: sími 525 1111

2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
68334-30-5	269-822-7	Eldsneyti, dísil	60 - 100	Xn, N H40-65-66-51/53
68915-96-8	272-817-2	Gasolía	0 - 20	Xn H65-66

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. Varúðarupplýsingar.

Langvarandi eða endurtekin snerting getur valdið krabbameini. Getur valdið lungnaskaða við inntöku eða uppköst eftir inntöku. Endurtekin eða viðvarandi snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. Efnið er ekki flokkað sem eldfimt en brennur ef kveikt er í því. Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

HÆTTULEGT
HEILSUHÆTTULEGT
UMHVERFINU**4. Skyndihjálp.**

Almennt:	Færið slasaða strax úr snertingu við efnið og af hættusvæði. Flytjið slasaða strax í ferskt loft. Látið hann hvílast og haldið á honum hita. Leitið lækni ef óþægindi koma fram. Ef slasaði á erfitt með öndun eða hún hefur stöðvast, veitið öndunarhjálp og/eða gefið súrefni. Ef slasaði er meðvitundarlaus skal leggja hann í læsta hliðarstillingu og tryggja að öndunarvegir séu opnir. Leitið lækni. Hjálparaðilar þurfa að hafa þekkingu á súrefnisgjöf við öndunarerfiðleikum.
Við innöndun:	Tryggið strax hreint loft. Gefið súrefni ef slasaði á erfitt með öndun.
Snerting við húð:	Færið strax úr fötum sem mengast af efninu og þvoið húðina vandlega með miklu vatni og sápu. Berið mýkjandi krem á húðina. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.
Snerting við augu:	Fjarlægjið snertilinsur og opnið augu vel meðan skolað er með vatni. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.
Við inntöku:	Framkallið EKKI uppköst og gefið slasaða EKKI að drekka. Leitið umsvifalaust lækni. Mikilvægt er að efnið komist ekki ofan í lungun.

5. Bruni / aðferðir við að slökkva eld.

Efni/aðferðir: Notið viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf. Heppileg slökkviefni eru froða eða vatnsúði. Á lítinn eld má nota duft, kolsýru, sand eða jarðveg. Haldið lokuðum umbúðum með efninu á hættusvæðinu köldum með vatnsúða og fjarlægjið þær ef hægt er. Notið ekki vatn á eldinn þar sem hætta er á að það auki útbreiðslu hans. Aðeins sérþjálfaðir slökkviliðsmenn mega nota vatni til kælingar og til verndunar á fólki og eignum.

Sérstök hætta: Kviknað getur í efninu ef það er hitað í eða yfir blossamark. Gufa efnisins er þyngri en loft og getur dreifst eftir gölfum og lögnum og valdið íkveikju fjarri upprunastað. Efnið getur hlaðið upp stöðurafmagni, sem valdið getur íkveikju við afhleðslu. Við ófullkominn bruna myndast koloxíð.

6. Efnaleki.

Varið fólk í nágrenninu við og haldið óviðkomandi frá. Notið persónuhlífar og gerið varúðar-ráðstafanir skv. liðum 7 og 8 við hreinsunarstörf. Loftræstið vandlega svæðið þar sem lekinn varð. Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Takmarkið útbreiðslu og látið efnið ekki berast í niðurföll, vötn eða jarðveg þar sem það kemst í grunnvatn. Mengaðan jarðveg þarf að hreinsa upp til að koma í veg fyrir að efnið berist í grunnvatn. Gufa efnisins er þyngri en loft og getur dreifst eftir gölfum og lögnum og valdið íkveikju fjarri upprunastað.

Dælið efninu upp eða notið sand, jarðveg eða önnur óvirik ísogsefni til að hefta og hreinsa það upp og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Minniháttar leka má þurrka upp með pappír eða tvisti. Menguð ísogsefni þarf að meðhöndla sem eldfim spilliefni.

Við meiriháttar leka þarf að rýma nægilega stórt öryggissvæði. Hafið strax samband við lögreglu og slökkvilið. Hafið í huga hættu á hálkumyndun þar sem efnið getur leyst upp malbik, ýmis gólfefni ofl.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Má aðeins nota á vel loftræstum stað. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Efnið getur hlaðið upp stöðurafmagni sem valdið getur íkveikju t.d. við dælingu. Öll tæki og leiðslur þurfa að vera jarðtengd. Fordist úðamyndun við dælingu eða umhellingu. Fordist notkun plastífláta við tæmingu eða sýnatöku. Fordist alla beina snertingu við efnið.

Gætið sérstakrar varúðar þegar fyllt er á tanka sem áður hafa innihaldið bensín. Opnið ekki lok eða mannop á tönkum fyrr en að liðnum 10 mínútum eftir áfyllingu. Hreingerning, eftirlit og viðhald tanka er verk sem sérþekkingu þarf til og fara þarf eftir ströngum reglum um aðferðir og öryggi. Huga þarf m.a. að persónuhlífum og líflínum og hvort gas er í tanknum. Áður en farið er inn í tank og á meðan unnið er inni í honum þarf að kanna súrefni í loftinu og hvort hann inniheldur sprengifimar gufur, með þar til gerðum mælum.

Geymsla: Geymst í merktum tönkum eða öðrum ílátum á öruggum stað varið gegn hita, opnum eldi, neistagjöfum og beinu sólarljósi. Ílát þurfa að vera vel lokuð. Staflið tunnum ekki í meira en þrjár hæðir.

Geymsluhitastig má vera umhverfishiti hverju sinni.

Æskilegt efni í tönkum er smíðajárn eða ryðfrítt stál. Ál má einnig nota ef það veldur ekki ónauðsynlegri íkveikjuhættu.

Málið tanka með amín-hertri epoxýmálningu.

Pakkningar þurfa að vera úr PTFE, Viton A eða Viton B.

Notið engin umbúða- eða lagnaefni sem dregið geta úr öryggi eða gæðum vörunar. Umbúða- og lagnaefni þurfa að vera ógegndræp og þola vöruna án þess að mýkjast upp eða skaðast af henni á annan hátt. Dæmi um efni sem skal forðast að nota eru kopar og koparblöndur (með eða án járns), zink og zinkblöndur.

Ýmis náttúru- og gerfiefni eins og gúmmí, plast og trefjaplast geta einnig verið óheppileg eftir eiginleikum þeirra og því hvar þau eru notuð. Dæmi um efni sem skal

forðast eru náttúrugúmmí, pólýmetýlmetakrýlat, pólýstýren, PVC og pójísóbútýlen. Einnig pólýetýlen og pólýprópýlen nema það sé sérstaklega ætlað og prófað til notkunar með þessari vöru.

8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

Tæknilegar aðgerðir: Sjá liði 6 og 7.

Mengunarmörk: Olíupoka (olíuúði): (MG) 1 mg/m³

Persónuhlífar;

Öndunargrímur: Ekki nauðsynlegar við venjulegar aðstæður. Notið ferskloftstæki við vinnu með efnið í lokuðu rými.

Fyrir augu: Viðurkennd hlífðargleraugu ef hætta er á að efnið berist í augu.

Fyrir hendur: Hlífðarhandskar úr nítílgúmmí með gegndræpitíma > 8 klst.

Fyrir húð: Galli eða annar viðeigandi hlífðarfatnaður.

Hreinlæti við vinnu: Þvoiid hendur áður en matast er eða drukkið og eftir vinnu. Þvoiid hlífðarfatnað og undirfatnað reglulega.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Ástand / útlit / lykt: Vökvi / litlaus eða litaður / einkennandi

Sýrustig (pH): -

Bræðslumark: < -10°C

Suðumark: 165 - 370°C

Hitaniðurbrot: 370°C

Blossamark: ≥ 62°C

Íkveikimörk: 220°C

Sprengimörk; neðri - efri: 0,5 - 7%

Eldnærandi eiginleikar: -

Gufubrýstingur: -

Gufubéttni: > 5

Uppgufunarhraði: < 0,1 (Bútýlasetat = 1)

Seigja: 1,5 - 4,5 við 20°C

Eðlisþyngd: 800 - 880 kg/m³ við 15°C

Mólþungi: 190 - 230

Leysni: Leysist lítið í vatni

Leysnistuðull: logPow 3 - 7

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

Stöðugleiki: Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.

Aðstæður sem skal forðast: Hiti, opinn eldur og annað sem valdið getur íkveikju.

Efni sem skal varast: Sterkir oxunarmiðlar.

Hættuleg niðurbrotsefni: Engin þekkt.

11. Eiturfræðilegar upplýsingar.

Almennt: Rannsóknarniðurstöður um vöruna liggja ekki fyrir. Upplýsingarnar eru byggðar á niðurstöðum fyrir sambærileg efni.

Við innöndun: Afgas af bruna efnisins getur innihaldið ýmis hættuleg efni s.s. CO_x, NO_x, brennisteinssambönd og ýmis kolefnissambönd.

Snerting við húð: Lítillega ertandi. Endurtekin eða viðvarandi snerting þurrkar upp húðina og getur valdið sprungum og exemi.

Snerting við augu: Lítillega ertandi.

Við inntöku: Lítil bráð eiturhrif. Getur valdið uppköstum. Ef efnið berst í lungu við inntöku eða uppköst getur það valdið lungnabjúg eða lungnabólgu.

<i>Bráð eiturrhrif:</i>	LD50 (inntaka):	> 5000 mg/kg
	LD50 (húð):	> 2000 mg/kg
	LC50 (innöndun):	> 5 mg/l
<i>Langtímaáhrif:</i>	Ekki talið valda ofnæmi eða hafa áhrif á frjósemi.	

12. Hættur gagnvart umhverfinu.

<i>Almennt:</i>	Rannsóknarniðurstöður um vöruna liggja ekki fyrir. Upplýsingarnar eru byggðar á niðurstöðum fyrir sambærileg efni.
<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	Flýtur á vatni. Gufar upp og leysist upp að hluta en töluverður hluti er enn til staðar eftir einn sólarhring. Efnið getur mengað grunnvatn ef það berst í jarðveg í einhverjum mæli. Brotnar hægt niður lífrænt. Oxast hratt í ljósi og lofti en er stöðugt við loftfirrðar aðstæður. Getur safnast upp í lífríkinu og valdið bragðskemmdum á fiski og skeldýrum.
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	Efnið er skaðlegt vatnalífverum og getur haft óæskileg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	Efnið getur haft skaðleg áhrif á lífverur í skólphreinsistöðvum, $10 < EC50 \leq 100$ mg/l.

13. Förgun.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Fjarlægjið ekki merkingar af flátum. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.

14. Flutningur.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur: 3	UN-nr.: 1202	Númer og bókstafur:
	Nafn efnis: Gas oil or diesel fuel		
	Varúðarmerki: 3	Hættunr.:	Pökkunarflokkur: III
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur: 3	UN-nr.: 1202	Pökkunarflokkur: III
	Ems: 3-07	MFAG:	
	Nafn efnis:		Sjávarmengandi:
	Varúðarmerki:		
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA flokkur: 3	UN-nr.: 1202	Pökkunarflokkur: III
	Nafn efnis: Flammable liquid		
	Varúðarmerki:		

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:

Varnaðarmerki: Xn, N



Inniheldur: Eldsneyti, dísil

- H - setningar:* H40 Getur hugsanlega valdið krabbameini.
 H65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.
 H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
 H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
- V - setningar:* V53 Varist snertingu - aflið sérstakra notkunarleiðbeininga.
 V36/37 Notið viðeigandi hlífðarfatnað og hlífðarhanska.
 V45 Leitið umsvifalaust lækni ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.
 V62 Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust lækni og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.
 V61 Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar / öryggisleiðbeiningar.
 (V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann: 13-12-04

Dagsetning frumrits: 11-09-02

Breytt þann: - *Breyttir liðir:* -

Gert fyrir: SKELJUNGUR hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík, sími 444 3000

Unnið af: EFNAVERND ehf., Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

- H40 Getur hugsanlega valdið krabbameini.
 H65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.
 H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
 H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Annað: Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á þeirri vitneskju sem fyrir liggur um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisleiðbeiningarnar eru gerðar. Þeir sem vinna með efnið þurfa að vera upplýstir um hættulega eiginleika þess og um nauðsynlegar varúðarráðstafanir við meðhöndlun. Tryggja þarf að nauðsynlegar persónuhlífar og öryggisbúnaður sé fyrir hendi.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá NORSKE SHELL A/S, 0107 Oslo, Norge.